

Sp.

94. Fyrirspurnir.

[91. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um Kröfluvirkjun.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Hver er orðinn heildarframkvæmdakostnaður við Kröfluvirkjun ásamt fjármagnskostnaði?
2. Hver eru áætluð rekstrarútgjöld og rekstrartekjur virkjunarinnar á yfirstandandi ári? Hvert þyrfti orkuverðið að vera frá Kröfluvirkjun, miðað við áformaða orkuframleiðslugetu virkjunarinnar í ár, til þess að orkuverðið gæti staðið undir rekstrar- og fjármagnskostnaði? Séu upplýsingar ekki tiltækar fyrir yfirstandandi ár er spurt um hliðstæðar upplýsingar fyrir árið 1980.
3. Hvenær er talið líklegt að Kröfluvirkjun nái fullri orkuframleiðslugetu, hvað er ráðgert að til virkjunarinnar þurfi að kosta miklu fjármagni til þess að svo geti orðið, miðað við þá reynslu sem fengist hefur af borunum, og hvenær má áforma að virkjunin geti sjálf af tekjum sínum staðið undir: a) rekstrarkostnaði, b) rekstrar- og fjármagnskostnaði?

II. Til menntamálaráðherra um frumvarp til laga um lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hvenær má vænta þess, að frumvarp til laga um lánasjóð íslenskra námsmanna verði lagt fram?

III. Til menntamálaráðherra um frumvarp til laga um framhaldsskóla.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hvenær má vænta þess, að frumvarp til laga um framhaldsskóla verði lagt fram?

IV. Til dómsmálaráðherra um endurskoðun á lögum um fasteignasölu, nr. 47/1938.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hvað líður framkvæmd á þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi 29. maí 1980, um kaup og sölu á fasteignum, er fól í sér endurskoðun á lögum um fasteignasölu, nr. 47/1938, og öðrum reglum sem um fasteignaviðskipti gilda?